

Fundur stýrihóps fagráðs um símenntun og starfsþróun kennara, 26. janúar 2016, kl. 13-15.

Mættir: Sigurjón Mýrdal, Ársæll Guðmundsson, Jón Torfi Jónasson, Aðalheiður Steingrímsdóttir, Þórður Kristjánsson og Sólrún Harðardóttir.

Ingibjörg Kristleifsdóttir boðaði forföll.

Viðfangsefni fundarins:

- Frá vinnuhópi um þarfir
- Fundur um nýliða framundan
- SKÝRSLA fagráðs
- Næstu fundir
- Nýtt tímabil fagráðs

Vinnuhópur um þarfir

Vinnuhópur um þarfir er nú að sjá fyrir endann á vinnu sinni og á fundi sem haldinn var í vinnuhópnum í morgun var fjallað um greinargerð hópsins sem nú fer mjög að nálgast lokaútgáfu. Vinnuhópurinn hefur fjallað um mörg málefni sem eru mikilvæg inn í lokaskýrsluna. Fundurinn í morgun var lokafundur hópsins og vænta má þess að greinargerð hópsins verði send til fagráðsins í næstu viku.

Fundur um nýliða

Áætlaður er fundur um nýliða í kennslu með sérfræðingum um málefnið frá HA, HÍ og LhÍ á föstudaginn kemur. Markmið fundarins er að ræða um þennan hóp kennara og þá starfsþróun og stuðning sem hann þarf sérstaklega á að halda. Einnig að fá þau til að meta stöðu mála eins og hún er. Á fundinum verða 8 gestir auk Eddu Kj., Sigurjóns og Sólrúnar sem skipuleggja fundinn.

Skýrsla fagráðsins

Sólrún hefur sett inn á vinnusvæði fagráðsins á netinu kafladrög til yfirlstrar ásamt efnisyfirliti og yfirlitsmynd. Einstaka atriði, nálgun og orðalag var rætt eftir ástæðum. Vilji fólk gera athugasemdir er best að þær komi til Sólrúnar og mun hún setja kaflana á netið sem word-skjöl svo fólk geti nýtt sér skipunina track changes ef það hentar. Sólrún mun senda línu til fagráðsins í heild til að minna á þetta fyrirkomulag.

Næstu fundir

Ákveðið var að halda fundi sem hér segir í stýrihópnum: 3. febrúar, 10. febrúar og 17. febrúar. Allir fundirnir eru kl. 9 og á miðvikudegi. Næsti fundur í fagráðinu verður föstudaginn 19. febrúar.

Nýtt fagráð

Stýrihópurinn fól Sigurjóni að ýta á eftir endurnýjun fagráðs við ráðherra. Mikilvægt er að ekki komi mikið bil í starf ráðsins. Á fundi stýrihóps og ráðherra 12. janúar sl. var ráðherra mjög jákvæður fyrir að fagráðið starfaði áfram.

Rætt um að hlutverk fagráðsins sé skýrt og það sé stefnumótandi samstarfsvettvangur. Inni í því eru fjórir lykilaðilar: Ráðuneytið, Sambandið, samtök kennara og háskólar sem mennta kennara. Áriðandi er að ráðherra sé ljóst hve mikilvægt fagráðið er í augum aðila þess og í því sjái þeir raunverulegan ávinning fyrir jákvæða þróun skólamála.

Fundi slitið.

Sólrún Harðardóttir fundarritari.